

Háskólafélag Suðurlands, kt. 650108-0350, Fjölbrautaskóli Suðurlands, kt. 491181-0289 , háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið, kt. 710122-0830, og mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi

Samning um þátttöku í starfsemi Fab Lab Selfoss

1.gr.

Um Fab Lab Selfoss

Fab Lab Selfoss er stafræn smiðja á Selfossi sem er rekin af Fjölbrautaskóla Suðurlands, kt. 491181-0289 og Háskólafélagi Suðurlands, kt. 650108-0350. Starfsemi Fab Lab Selfoss mun á hverjum tíma vera í samræmi við áherslur Fab Foundation og svæðisbundnar áherslur. Með rekstri á stafrænni smiðju Fab Lab Selfoss er stefnt að því að auka þekkingu og áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, auka almennt tæknilæsi og skapandi starf og frumkvöðlamennt. Markmið verkefnisins er enn fremur að skapa vettvang fyrir þróun og prófun hugmynda og efla þannig samkeppnishæfni í nærsamfélagi.

Fab Lab Selfoss er hluti samstarfsnets Fab Lab smiðja á Íslandi og tengist jafnframt alþjóðaneti Fab Lab smiðja, Fab Foundation við Massachusetts Institute of Technology (MIT). Þeim samstarfsvettvangi er ætlað að tryggja þekkingaryfirfærslu og faglega þróun starfsmanna.

2. gr.

Hlutverk Fab Lab Selfoss

Háskólafélag Suðurlands rekur Fab Lab Selfoss í samræmi við fyrrgreindan samning um samstarf sbr. 1. gr. Samkvæmt þeim samningi mun Fjölbrautaskóli Suðurlands leggja til húsnæði fyrir smiðjuna en Háskólafélagið ræður verkefnastjóra sem hefur umsjón með starfseminni. Fab Lab Selfoss stuðlar að fræðslu og þjálfun kennara í grunn- og framhaldsskólum með árlegum námskeiðum á þessum þremur árum sem samningurinn nær til. Námskeiðin eru fræðsla í notkun á hugbúnaði fyrir Fab Lab ásamt fræðslu um notkun á tækjum Fab Lab smiðjunnar. Fab Lab Selfoss sér til þess að nemendur og kennarar í grunn- og framhaldsskólum ásamt almenningi og fyrirtækjum fái aðgang að Fab Lab smiðju samkvæmt nánara samkomulagi.

3. gr.

Fjárhagslegt framlag sveitarfélaganna

Héraðsnefnd Árnesinga (fyrir hönd svf) greiðir mánaðarlega 500.000 kr til Fab Lab Selfossi, alls 6.000.000 árlega. Samingurinn er til 5 ára og gildir til 30.júní 2028.

4. gr.

Fjárhagslegt framlag háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins

Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið greiðir árlega 5 m.kr. vegna Fab Lab Selfoss, alls 15 m.kr. á samningstímanum. Þessir fjármunir verða nýttir til reksturs Fab Lab Selfoss. Greitt verður af fjárlagalið 17 – 528 – 19750 í tveimur jöfnum greiðslum á ári.

Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið leggur framlag sitt samkvæmt samningi þessum inn á bankareikning í Íslandsbanka 0586-26-650108. Reikningseigandi er Háskólafélag Suðurlands, kt. 650108-0350.

Í upphafi samningstímans greiðir HVIN 2 m.kr. til smiðjunnar. Upphæðin er ætluð til tækjakaupa og / eða þjálfunar starfsfólks í notkun á nýrri tækni þ.á.m gervigreind og skal nýtt á samningstímanum. Gera skal grein fyrir hvernig upphæðin er nýtt í ársskýrslum.

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um að taki fjárheimildir málasviðs og málaflokks breytingum í fjárlögum, sem hafi för með sér breytta fjárveitingu til verkefnisins munu samningsaðilar taka upp viðræður um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu. Ef gerðar eru almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til tiltekins málaefnasviðs þá er ráðuneytinu heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk samningsaðila.

5. gr.

Fjárhagslegt framlag mennta- og barnamálaráðuneytisins

Mennta- og barnamálaráðuneytið leggur Fjölbautaskóla Suðurlands til árlega 5 mkr., alls 15 m.kr. á samningstímanum, sem nýttir verða til reksturs Fab Lab Selfoss. Greiðslur til FSu koma í gegnum fjárlög á málaflokki 20.10 Framhaldsskólar. FSU greiðir HFSU árlega upphæð í tveimur greiðslum; 31 maí 3.000.000 kr og 31.des 2.000.000.

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um að taki fjárheimildir málasviðs og málaflokks breytingum í fjárlögum, sem hafi för með sér breytta fjárveitingu til verkefnisins munu samningsaðilar taka upp viðræður um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu. Ef gerðar eru almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til tiltekins málaefnasviðs þá er ráðuneytinu heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk samningsaðila.

6. gr.

Markmiðssetning, árangursmat og eftirlit með rekstri

Fab Lab Selfoss skilgreinir markmið starfseminnar og gerir grein fyrir mælikvörðum árangurs. Til að fá samanburðarhæfar upplýsingar um starfsemi smiðja um allt land verða skilgreindir lykilmælikvarðar sem gera þarf grein fyrir í ársuppgjörum. Niðurstöður reksturs og árangursmats Fab Lab Selfoss skulu birtar í árlegri skýrslu sem send er samningsaðilum fyrir 15. febrúar ár hvert og skal hún jafnframt liggja frammi á heimasíðu Háskólafélagsins, FSu og Fab Lab Selfoss.

7. gr.

Svæðisbundið samstarf

Heimilt er að semja við fleiri aðila um þátttöku og samstarf um rekstur smiðjunnar s.s. hlutdeild í launa- og rekstrarkostnaði. Háskólafélag Suðurlands hefur frumkvæði að því að afla nýrra samstarfsaðila og annast samninga við þá.

8. gr.

Samningstími

Samningurinn gildir frá 2024 til ársloka 2026. Ef misbrestur er á starfseminni eða rekstrinum hætt þá fellur þessi samningur úr gildi. Samningurinn leggur engar kvaðir á samningsaðila um framhald verkefnisins að samningstíma liðnum. Það er þó ásetningur samstarfsaðila að halda samstarfinu áfram til lengri tíma þannig að stafrænar smiðjur séu hluti af nýsköpunarþjónustu svæða.

9. gr.

Meðferð ágreiningsmála

Ef ágreiningur rís um framkvæmd samnings þessa eða túlkun hans, skulu aðilar reyna að leita allra leiða til að leysa ágreininginn með friðsamlegum hætti. Takist ekki að leysa ágreiningsmál, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

17.10.2024

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

Háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra

Ásmundur Einar Daðason

Mennta- og barnamálaráðherra

Ingunn Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands

Soffía Sveinsdóttir

Skólameistari Fjölbrautarskóla Suðurlands